

# Ársskýrsla UN WOMEN á Íslandi 2018



# UN Women til staðar fyrir konur og stúlkur

UN Women, stofnun Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og kynjajafnréttis er leiðandi í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna og stúlkna um allan heim.

Þrátt fyrir að mannréttindasáttmálar og stjórnarskrár flestra ríkja kveði á um að konur og stúlkur eigi að njóta sömu réttinda og karlmenn standa konur hvergi í heiminum jafnfætis karlmönnum á öllum sviðum samfélagsins.

UN Women var komið á fót árið 2010 og leggur ríka áherslu á að ná til þeirra kvenna og stúlkna sem eiga helst undir högg að sækja. Stefna UN Women „Ekkert umburðarlyndi fyrir kynbundu ofbeldi“ er í hávegum höfð en við vinnum að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum fyrst og fremst með fræðslu að vopni. UN Women er á staðnum og valdeflir konur og stúlkur í yfir 150 löndum, bæði á efnahagslega og pólitíska sviðinu auk þess að tryggja konum og stúlkum kvenmiðaða neyðaraðstoð á stríðshrjádum svæðum eða í kjölfar náttúruhamfara. Í allri okkar baráttu treystum við eingöngu á frjáls framlög aðildaríkja SP, frjálsra félagsamtaka og mánaðarlegra styrktaraðila UN Women.

Við sjáum árangur verkefna UN Women á hverjum degi þegar við heyrum af barnmörgum einstæðum mæðrum hefja eigin rekstur og verða fjárhagslega sjálfstæðar innan flóttamannabúða eftir valdeflingu á griðastöðum UN Women t.d. í Bangladess, Jórdaníu og Kamerún. Þegar Jasíðakonur í Írak fá heildræna aðstoð aftur út í lífið í kvennaathvarfi UN Women eftir að hafa verið haldið sem kynlífsþrælum vígasveita íslamska ríkisins. Þegar þúsundum barnahjónabanda er rift í Malaví eftir þrotlausu vinnu að lagabreytingum og samstarfi UN Women við hér- aðshöfðinga sem rifta núorðið umsvifalaust barnahjónaböndum. Árangur verkefna UN Women mælist í langtímaáhrifum sem auka heilbrigði samfélaga og efnahagslega hagsæld. Því þegar konur eru heilbrigðar eru samfélög heilbrigð.

UN Women á Íslandi er ein þrettán landsnefnda UN Women. Hlutverk landsnefndanna er að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækari löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja ríkisstjórnir sínar til að taka þátt.



# Ávarp utanríkisráðherra



Ísland býr við gott orðspor og hefur sterka rödd þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Þetta skynja ég í hvert skipti sem ég á í samskiptum um jafnréttismál á alþjóðlegum vettvangi og það er ánægjulegt að finna að önnur ríki horfa gjarnan til Íslands þegar kemur að þessum mikilvæga málaflökki.

Tíu ár í röð hefur jafnrétti kynjanna mælst mest á Íslandi á heimsvísu. Undanfarna áratugi höfum við orðið vitni að ýmsum jákvæðum samfélagslegum breytingum hér á landi og má þar til að mynda nefna lög um fæðingarorlof, sem nú á að lengja í áföngum, og lög um jafnlaunavottun. Þar eigum við ötulum forystukonum á Íslandi mikið að þakka. Efnahagsleg og pólitísk þátttaka kvenna hefur einnig aukist hratt í kjölfar þessara breytinga en atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er tæplega 80 prósent, það mesta sem gerist í OECD-ríkjum. Allt þetta hefur aukið velferð og velmegun á Íslandi.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á áframhaldandi umbætur á sviði jafnréttismála á Íslandi því þrátt fyrir góðan árangur eru áskoranirnar enn margar. Við verðum að tryggja jöfn tækifæri kynjanna á öllum sviðum samfélagsins svo við höfum kost á að rækta hæfileika okkar og ná árangri án tillits til kyns.

Jafnréttismálin hafa um langa tíð verið hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu og starfsfólk utanríkisráðuneytisins leggur

sig fram um að hafa jafnréttismálin ávallt í forgrunni, hvort sem um er að ræða þróunarmál, viðskiptamál eða öryggis- og varnarmál. Ísland hefur verið í fararbroddi þeirra ríkja á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem vilja tryggja að konur njóti ávinnings frjálsra alþjóðaviðskipta. Þá talar Ísland fyrir stórefldri þátttöku kvenna í friðar- og öryggismálum, meðal annars á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Um áttatíu prósent allra verkefna Íslands í þróunarsamvinnu stuðla með einhverjum hætti að auknu jafnrétti og verður aukin áhersla lögð á þann málaflök á næstu árum. Því má með sanni segja að jafnréttismálin séu okkur ávallt ofarlega í huga.

En til þess að ná raunverulegum árangri þurfum við að spila með fullskipað lið á vellinum. Með öðrum orðum, við verðum að virkja karla til þátttöku til jafns við konur í baráttunni fyrir auknu jafnrétti og bættri stöðu bæði karla og kvenna. Því hefur utanríkisráðuneytið átt gott samstarf við UN Women um að efla þátttöku karla í jafnréttisbaráttunni, meðal annars með svokölluðum rakarastofuráðstefnum. Hátt í 2500 manns hafa nú tekið þátt í rakarastofuráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins, þar af ríflega helmingur karlar. Markmiðið er meðal annars að skapa körlum svigrúm til að ræða jafnréttismál á eigin forsendum, eiga uppbyggilegt samtál við konur um jafnréttismál og veita körlum tækifæri til að fræðast um ávinning allra af auknu jafnrétti. Á síðasta ári stóðu sendiráð Íslands í Malaví, UN Women í Malaví og landsnefnd UN Women á Íslandi fyrir tveimur rakarastofuráðstefnum í Malaví, þeim fyrstu í Afríku. Þá voru einnig haldnar ráðstefnur í höfuðstöðvum OECD í París á síðasta ári, á Alþingi og á meðal starfsmanna utanríkisráðuneytisins. Fyrirhugað er að halda slíkan viðburð hjá Alþjóðabankanum á þessu ári. Rannsóknir hafa ítrekað bent á að aukið kynjajafnrétti stuðli að betri heimi fyrir alla. Ríki þar sem jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi eru friðsælli, þegnar þeirra hamingjusamari og heilbrigðari og almenn velmegun meiri. Engu að síður hefur víða orðið bakslag í jafnréttismálunum á undanförunum árum. Ísland hefur nýtt sæti sitt í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna til þess að fordæma brot á réttindum kvenna, til að mynda í Síadí-Arabíu, og mun halda áfram að standa vörð um mannréttindi kvenna á þeim vettvangi. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt að vinna að heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun. Jafnrétti kynjanna er bæði forsenda og drifkraftur sjálfbærrar þróunar og því mikilvægt að tryggja þátttöku kvenna á öllum sviðum samfélagsins og virða mannréttindi þeirra ef við ætlum að ná þessum metnaðarfullu markmiðum fyrir árið 2030. Störf UN Women eru því brýn og munu íslensk stjórnvöld áfram styðja við bakið á stofnuninni með ráðum og dáð.

Guðlaugur Þór Þórðarson  
utanríkisráðherra

**UN WOMEN**  **ÍSLENSK LANDSNEFND**

Útgefandi: Landsnefnd UN Women á Íslandi  
Forsíðumynd: UN Women / Joe Saade  
Myndir: Elísabet Davíðsdóttir, Birta Rán Björnsdóttir, Hörður Ásbjörnsson, Saga Sig og myndir úr safni UN Women og Sameinuðu þjóðanna.  
Hönnun og umbrot: Oddi

# Kominn tími til!



Á árinu 2018 var áframhaldandi vakning á þeim krafti sem felst í Me Too byltingunni en hún hefur á svo margan hátt opnað umræðuna um kynbundið ofbeldi gegn konum og stendur óneitanlega upp úr þegar lítið er til árangurs í jafnréttismálum á árinu. Byltingin hefur hleypt af stað háværrí umræðu um kynferðislega misnotkun og ýtt valdamiklum körlum frá stjórnborðinu hvort sem það er á sviði stjórnmála, íþróttá, skemmtanaíðnaðar eða fjölmiðlunar. Umræðan þrýstir um leið á ríkisstjórnir heimsins og stjórnir stórfyrirtækja að breyta stefnum, gildum og þeirri ómenningu sem fengið hefur að viðgangast hingað til. Til staðar er hungur fyrir breytingum á stöðu kvenna og vaxandi viðurkenning á því að þegar konur standa saman að þá er hægt að breyta hlutunum. Núna er kominn tími til að binda enda á misrétti kynjanna, hvort sem misréttið er byggt á gamalgróinni menningararfleið kynjanna, á kynbundnu ofbeldi, á valdniðslu eða ef það er byggt á einhverjum öðrum falsnótum. Af hverju verður ein af hverjum þremur konum í heiminum fyrir kynbundnu ofbeldi og þar á meðal á Íslandi? Af hverju hallar enn verulega á konur í stjórnunarstöðum? Af hverju heyrir það til undantekningar að jafnmargar konur séu á þingi og karlar? Og af hverju er ekki leitað meira til kvenna til að taka þátt í friðarviðræðum? Þær eru jú, helmingur íbúa heimsins og ófriður bitnar jafnmikið á þeim og karlmönnum. Jafnrétti kynjanna er stærsta verkefni okkar tíma og núna er tíminn. UN Women hefur það að markmiði að uppræta ofbeldi gegn konum, efla réttindi

þeirra og þátttöku í stjórnmálum, ýta undir efnahagslega valdeflingu kvenna ásamt því að tryggja að þörfum kvenna og stúlkna í neyð sé mætt. UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis um heim allan. Verkefni landsnefndar UN Women á Íslandi er að afla fjár til þessara verkefna og að vekja athygli landsmanna á starfsemi UN Women sem og stöðu jafnréttis um allan heim.

„Af hverju verður ein af hverjum þremur konum í heiminum fyrir kynbundnu ofbeldi og þar á meðal á Íslandi?“

Íslenska landsnefndin er ein af þrettán landsnefndum UN Women víðsvegar heiminn og hefur í gegnum árin verið ein öflugasta landsnefndin á heimsvísu. Má þar helst þakka sterku teymi sem samanstendur af fjölbreyttri stjórn, duglegu ungmennaráði og öflugu starfsfólki sem sinna starfi sínu af ástríðu og eljusemi. Vonir standa til þess að UN Women fjölgi landsnefndum á næstu misserum þar sem þær eru mikilvægur þáttur í því að styðja við verkefni UN Women um heim allan. Í fyrsta skipti í sögu landsnefndar UN Women eru jöfn kynjahlutföll í stjórn en hingað til hafa konur verið í meirihluta. Þetta er mikilvæg staðreynd þar sem jafnrétti kynjanna er ekki einkamál kvenna og því ber að fagna að æ fleiri karlmenn eru farnir að láta til sín taka í jafnréttisbaráttunni. Í dag hafa 5300 manns fordæmt kynbundið ofbeldi á vefsíðu samtakanna og tekið þátt í HeForShe herferð samtakanna, *Kynbundið ofbeldi er nær en þú heldur*. Herferðinni var sérstaklega ætlað að vekja karlmenn til vitundar um að beita sér gegn ofbeldi gegn konum. Herferðin vakti verðskuldaða athygli og hafa yfir 500.000 manns horft á myndbandið sem jafnframt vann til íslensku auglýsingaverðlaunanna fyrir bestu almannaheillaauglýsinguna 2018. Fjölmargir áfangasigrar áunnust á árinu 2018 í jafnréttisbaráttunni. Jasidakonan Nadia Murad og lækniurinn Denis Mukwege hlutu friðarverðlaun Nóbels. Þau hafa bæði barist ótulllega gegn nauðgunum og kynferðisofbeldi í stríði. Fjölmargar byltingar áttu sér stað á götum úti og í netheimum árið 2018 með hinum ýmsu slagorðum sem lýsa aðgerðunum ágætlega, t.d. „without us the world stops“, #DontTellMeHowtoDress, #hearmetoo, #TotalShutdown. Konur ruddu sér víða til rúms í stjórnmálum og var Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja Sjálands,

fyrst þjóðarleiðtoga í heiminum til að taka fæðingarorlof. Ýmsar lagabreytingar í átt að bættum heimi kvenna og stúlkna áttu sér einnig stað en í Palestínu voru t.d. lög afturkölulög sem komu í veg fyrir að nauðgarar yrðu dæmdir fyrir nauðgun ef þeir giftust þöndum sínum. Verkefni landsnefndar UN Women á Íslandi voru ærin á árinu 2018. Öflugur hópur fjáröflunarteymis samtakanna átti stærstan þátt í fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna á árinu. Landsnefndin efndi til neyðarsöfnunar fyrir Róhingjakonur á flótta í Banglades í mars, Milljarður rís var haldinn að venju og þúsundir FO húfa seldust á árinu til styrktar verkefna UN Women sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum. Fjöldi hlaupara spretti úr spori í nafni UN Women í Reykjavíkummaraboninu, empwr peysa var hönnuð í samstarfi við iglo-índi og seld til styrktar Róhingjakonum auk jölamerkið sem Reykjavík Letterpress hannaði til styrktar UN Women. Auk þess stóð Ungmennaráð UN Women fyrir fjölda viðburða og kynnti málefnið af krafti í grunn- og framhaldskólum landsins. Reglulegir styrkir frá rúmlega sjö þúsund styrktaraðilum auk fjölmargra smærri og stærri framlaga frá fyrirtækjum og stofnunum gerðu landsnefndinni unnt að senda hæsta fjárframlag allra landsnefnda til verkefna UN Women á árinu, þriðja árið í röð. Framlög mánaðarlegra styrktaraðila voru eins og undanfarin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og námu um 115.8 m.kr. og jukust verulega eða um um 22,3% frá árinu 2017. Ánægjulegt er að sjá sífellt fleiri láta sér annt um bága stöðu kvenna víða um heim og bæstast í hóp mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna. Við hjá UN Women á Íslandi erum stolt af öllum aðgerðarsinum sem berjast fyrir jafnrétti kynjanna, á hvaða vígstöðum sem er. Hvort sem það er með því að stuðla að jafnrétti í gegnum lagasetningu, breytti fyrirtækjamenningu, grasrotarstarfi eða standa með þöndum. Við erum óendanlega þakklát fyrir allan þann stuðning sem einstaklingar, fyrirtæki, stjórnvöld og samstarfsaðilar hafa veitt landsnefndinni. Framlag ykkar, stórt sem smátt, er ómetanlegt og við trúum því að einn daginn muni raunverulegt kynjajafnrétti nást.

Arna Grímsdóttir  
formaður UN Women á Íslandi

## Efnisyfirlit

5	Fjáröflun
8	Vitundarvakning
11	Kynningarstarf og fræðsla
13	Á vettvangi
14	Samstarf við stjórnvöld
15	Fjármál
16	Overview
18	Við erum UN Women

# Fjáröflun




Götukynnar fjáröflunarteymis UN Women.

Ómetanlegur stuðningur almennings gerir UN Women á Íslandi mögulegt að veita konum og börnum þeirra um heim allan betra líf. Reglulegir styrkir frá rúmlega sjö þúsund styrktaraðilum auk fjölmargra smærri og stærri framlaga frá fyrirtækjum og stofnunum gerðu landsnefndinni unnt að senda hæsta fjárframlag allra landsnefnda til verkefna UN Women á árinu, þriðja árið í röð. Með slíkum stuðningi styrkti landsnefndin fjölbreytt verkefni til valdeflingar kvenna á árinu 2018.

Til að tryggja fjárhagslegan grunn verkefna sem samtökin sinna sem og að veita konum í neyð stuðning, svo sem í kjölfar stríðs eða náttúruhamfara, var tæplega 60% framlaga varið í kjarnaframlög. Þriðjungur framlaga rann í verkefni Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis, sem miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum og stúlkum í gegnum fjölbreytt verkefni. Þetta árið runnu svo 12% í neyðarathvarf UN Women í flóttamannabúðum fyrir Róhingjakonur í Balukhali, Banglades.

## Fjöldi mánaðarlegra styrktaraðila



### Mánaðarleg framlög

Mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women eru landsnefndinni mikilvægir og hafa mánaðarleg framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum verið árangursríkasta leið samtakanna til fjáröflunar síðastliðinn áratug, en 73% af framlagi landsnefndarinnar til verkefna á árinu safnaðist með styrkjum frá mánaðarlegum styrktaraðilum.

Á árinu fjölgaði verulega í hópi styrktaraðila samtakanna en tæplega tvö þúsund einstaklingar bættust í hóp

mánaðarlegra styrktaraðila. Voru þeir því orðnir ríflega 7.300 í lok árs, eða 19% fleiri en ári fyrr. Tæplega 40% allra einstaklinga sem skráðu sig fyrir mánaðarlegum framlögum voru karlar, og langstærsti hluti nýrra styrktaraðila er búsettur í Reykjavík eða í nágrennasveitafélögum.

Kraftmikið og ástríðufullt starfsfólk fjáröflunarteymis landsnefndarinnar átti langstærstan þátt í fjölgun styrktaraðila á milli ára. Mikill meirihluti allra nýrra styrktaraðila á árinu skráði sig í

### Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum

(e. UN Trust Fund to End Violence against Women): Markmið sjóðsins er að uppræta ofbeldi gegn konum, meðal annars með því að auka aðgengi polenda að viðeigandi þjónustu og stuðla að sterkari löggjöf um ofbeldi gegn konum. Styrktarsjóðurinn leggur áherslu á að styðja við grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna í gegnum fjölbreytt verkefni. Á ári hverju, fjármagnar sjóðurinn yfir 100 verkefni víðsvegar um heim sem hafa bein áhrif á líf 180 þúsund kvenna.

Til dæmis má nefna áfallahjálp og sálfræðilegan stuðning til Jasída kvenna í Írak sem hafa losnað úr kynlífsþrálfun liðsmanna vígasveita íslamska ríkisins sem og sérstök þjónusta fyrir fatlaðar konur og stúlkur í Zimbabve sem hafa þurft að þola kynbundið ofbeldi.


**Kjarnaframlög** (e. Core contributions): Með kjarnaframlögum getur UN Women haldið á lofti verkefnum sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning, nýtt framlög þar sem þörfin er mest hverju sinni og síðast en ekki síst veitt neyðaraðstoð miðaða að þörfum

kvenna komi til náttúruhamfara, eða vegna stríðs og farsóttta. Dæmi um slík verkefni eru griðastaðir UN Women fyrir konur á flóttu í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu og í Kamerún þar sem konur hljóta áfallahjálp og efnahagslega valdeflingu til að koma sér aftur af stað út í lífið sem og dreifing sæmdarsetta til kvenna, með helstu hreinlætisvörum og nauðsynjum, í kjölfar eldgoss í eldfjallinu Fuego skammt frá höfuðborg Gvatemala.



kjölfar samtals við götukynni samtakanna en gríðarlega sterkur hópur sum-arstarfsfólks setti svip sinn á borgina og nágrennasveitafélög svo eftir drifkrafti þeirra var tekið. Náði hópurinn að eiga fræðandi samtöl um kynja-jafnrétti við gangandi vegfarendur sem margir hverjir skráðu sig sem mánaðarlega styrktaraðila í kjölfarið. Hefur fjöldi nýskráðra í gegnum samtöl við götukynna aldrei verið fleiri á einu ári. Einnig héldu skráningar í gegnum síma velli og fóru 40% nýskráninga ársins fram í innihaldsríkum samtölum við starfsfólk símavers landsnefndarinnar. Landsnefndin leggur sig fram við að eiga í góðum og reglulegum samskiptum við styrktaraðila og velunnara sína; þakka þeim fyrir stuðninginn, fræða þá um hvaða verkefni eru styrkt hverju sinni sem og að veita upplýsingar svo sem um sigra í baráttunni fyrir kynja-jafnrétti og fréttir af verkefnum UN Women víða um heim.

### Skipting framlaga UN Women á Íslandi árið 2018



aðstoð innan kerfisins og berjast fyrir hagsmunum kvenna og stúlkna sem búa við fötlun.

#### Róhingjakonur í neyð

Þann 8.mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna efndi UN Women á Íslandi

til sms-neyðarsöfnunar fyrir Róhingjakonur á flóttu í Banglades. Í ágúst 2017 hertust átökin og ofsóknir á hendur Róhingjum til muna af hendi mjanmarska hersins sem ofsótt hefur Róhingja undanfarna áratugi. Um 800 þúsund Róhingjar dvöldu þá skyndilega í Balukhali flóttamannabúðunum. Þar starfrækir UN Women neyðarathvarf fyrir konur þar sem þær hljóta áfallahjálp, fá sæmdarsett, atvinnutækifæri og öryggi. UN Women á Íslandi hvatti almenning til að senda sms-ið KONUR í 1900 (1900 kr.) og styrkja starfsemi neyðarathvarfs fyrir konurnar í flóttamannabúðunum. Fjöldi hlaupara lét hjartað pumpa í Reykjavíkumaraþoninu í nafni UN

#### Fokk ofbeldi húfan

Landsnefndin hóf sölu á nýrri dimmblárrí Fokk Ofbeldi húfu dagana 25. janúar til 8. Febrúar. Húfan var seld í vefverslun unwomen.is og í verslunum Vodafone sem styrkti framleiðslu húfunnar og rann allur ágóði sölunnar til Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Fjöldi þekktra og óþekktra andlita sameinaðist og myndaði Fokk Ofbeldi fylkingu í myndatöku herferðarinnar. Húfan seldist vel og voru tæpar sextán milljónir íslenskra króna veittar til verkefna sjóðsins annars vegar fyrir kvennaathvarf fyrir Jasída konur sem þurft hafa að þola kynlífsprælkun af hendi liðsmanna vígasveita Íslamska ríkisins og verkefni í tíu héruðum Zimbabwe sem útvega fötluðum konum og stúlkum sem hafa verið beittar ofbeldi



Women á Íslandi. Í ljósi þess gífurlega fólksflótta Róhingja og skelfilegrar stöðu Róhingjakvenna í Banglades rann allur ágóði áheitasöfnunar í Reykjavíkummarþoninu fyrir UN Women til neyðarathvarfs UN Women í Balukhali flóttamannabúðunum.

Að sama skapi rann ágóði af sölu empwr peysunnar til verkefna UN Women í þágu Róhingjakvenna í Banglades. UN Women á Íslandi í samstarfi við iglo+indi hóf sölu á empwr peysu annað árið í röð, sem að þessu sinni var bleik á litinn. Elísabet Davíðsdóttir tók myndir fyrir herferðina og var nýrri empwr peysu fagnað með vel sóttu síðsumars empwr partýi á Jamie's Italian um miðjan ágúst.

Jólagjöf UN Women 2018 var svo unnin í samstarfi við Reykjavík Letterpress og bar heitið Vonarneisti. Vonarneistinn er táknrænt eldspýtnabréf sem stendur fyrir vonina sem kviknar í lífi Róhingjakonu þegar hún leitar til neyðarathvarfs UN Women við Balukhali flóttamannabúðirnar í Banglades.



Samhliða jólagjöfinni voru framleiddir einstakir gjafamerkimiðar UN Women og Reykjavík Letterpress og rann allur

ágóði af sölu þeirra ásamt Vonarneistinum einnig til neyðarathvarfs UN Women í Banglades.



# Vitundarvakning



Einn veigamesti hluti starfs UN Women á Íslandi miðar að því að vekja almenn- ing til vitundar um mikilvægi þess að auka kynjajafnrétti og bæta stöðu kvenna og stúlkna um allan heim. Landsnefndin fer fjölbreyttar leiðir við að vekja fólk til umhugsunar, með vitundarvakningarátökum í formi mynd- banda, með kynningarherferðum á samfélagsmiðlum og viðburðum.

## Kynbundið ofbeldi er nær en þú heldur

Umfangsmesta vitundarvakningarher- ferð íslensku landsnefndarinnar á árinu 2018 var átakið *Kynbundið ofbeldi er nær en þú heldur*. Markmiðið var að vekja karlmenn og stráka sérstaklega til vitundar um mikilvægi þess að beita sér markvisst gegn ofbeldi gegn konum og stúlkum og fordæma kynbundið ofbeldi á vef samtakanna [www.unwomen.is](http://www.unwomen.is). Burðarefni átaksins var vef- og sjón- varpsauglýsing sem tólf karlmenn tóku þátt í ásamt hugrakkri konu, Sigrúnu Sif Jóelsdóttur sem lánaði átakanlega sögu sína af grófu ofbeldi sem hún var beitt. Karlmennirnir mættu í stúdíó til að leggja átakinu lið með því að lesa upp frásagnir kvenna af kynbundnu ofbeldi í fyrstu persónu. Sögur kvennanna

komu frá Víetnam, Úsbekistan, Gamb- íu, Mjanmar og Íslandi. Það sem þeir ekki vissu var að ein kvennanna, Sigrún Sif, yrði á staðnum.

Auglýsingin náði miklu flugi á samfé- lagsmiðlum, vefnum og í fjölmiðlum. Alls náði auglýsingin til yfir 500 þúsund manns. Um 5.300 manns fordæmdu ofbeldi á vef samtakanna og í kjölfar- ið bættust tæplega 330 manns í hóp mánaðarlega styrktaraðila UN Women á Íslandi. Þess má geta að myndbandið vann Lúður, þ.e. íslensku auglýsinga- verðlaunin fyrir almannaheillauglýs- ingu ársins 2018 auk þess sem herferðin fékk verðlaun FÍT (Félag íslenskra teignara) fyrir bestu herferð.

## Milljarður rís

Dansviðburðurinn Milljarður rís fór fram í sjötta sinn þann 16. mars í sam- starfi við Sónar Reykjavík í Hörpu. Viðburðurinn var eignaður konum af erlendum uppruna sem hafa þurft að þola margþætta samfélagslega mis- munun sem og kynferðislegt og lík- amlegt ofbeldi. Fulltrúar þeirra fluttu nafnlausar sannar frásagnir kvenna sem deilt hafa reynslu sinni í krafti #MeToo byltingarinnar. Sem fyrr var tónlistarstjóri viðburðarins plötusnúð-

urinn DJ Margeir. Dansað var víða um land gegn kynbundnu ofbeldi, meðal annars á Akureyri, Seyðisfirði, Reykjanesbæ, Neskaupstað, Egilsstöð- um, Hvammstanga og í Borgarnesi. Þá fór viðburðurinn fram í yfir 200 löndum víðsvegar um heiminn undir slagorðinu One Billion Rising. Viðburðurinn var fyrst haldinn árið 2012 og fór þá fram í yfir 160 löndum. Upphafskona Millj- arður rís er aðgerðarsinninn og leik- skáldið Eva Ensler (höfundur Píkusagn- anna) sem skipulagði viðburðinn til að vekja athygli á því samfélagsmeini sem kynbundið ofbeldi er og mótmæla því viðhorfi að ofbeldi sé með einhverjum hætti konunum að kenna.

## Ljósaganga

Hin árlega Ljósaganga fór fram þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttu- degi Sameinuðu þjóðanna gegn kyn- bundnu ofbeldi. Dagurinn markar upp- haf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi ásamt öðrum félagasamtökum hér á landi eru í forsvari fyrir. Yfirskrift Ljósagöngunn- ar árið 2018 var #hearmetoo. Undanfar- ið hafa raddir þolenda kynferðisofbeld- is og þeirra er berjast gegn kynbundnu ofbeldi fengið hljómgrunn í gegnum





Milljarður rís í Hörpu.

byltingar á borð við #metoo og #times-up. Í Ljósagöngu ársins heiðruðum við hinar fjölmörgu hugrökku raddir sem ljáð hafa byltingunni frásagnir sínar, en einnig þær konur sem ekki búa við frelsi til að tjá sig um misréttið sem þær eru beittar og neyðast til að bera harm sinn í hljóði. Sigrún Sif Jóelsdóttir leiddi

gönguna og flutti hugvekju í tilefni hennar. Sigrún Sif tók þátt í herferð UN Women, „Kynbundið ofbeldi er

nær en þú heldur“ en í myndbandi herferðarinnar kom Sigrún ekki fram undir nafni heldur lánaði herferðinni

### Samfélagsmiðlar

Stór hluti kynningarstarfs landsnefndarinnar fer fram á samfélagsmiðlum og var árið 2018 engin undantekning. FO húfurnar voru til að mynda frumsýndar og auglýstar á samfélagsmiðlum; þar af á Facebook og Instagram undir myllumerkinu #fokkofbeldi. Samfélagsmiðlar voru einnig nýttir til að kynna Milljarður rís sem og herferðina *Kynbundið ofbeldi er nær en þú heldur*. Í ljósi breyttra strauma og stefna í markaðs- og kynningarmálum

var stöðugildum skrifstofunnar endurraðað og tekin var sú ákvörðun að ráða sérfræðing á samfélagsmiðlum til starfa. Fylgjendum samtakanna á Facebook og Instagram hefur í kjölfarið fjölgað og hafa áhrif hverrar einstakrar færslu aukist. Nýjar leiðir hafa einnig verið farnar á samfélagsmiðlum á árinu líkt og til dæmis að auglýsa á Messenger. Auk þess hefur skapandi framsetning á skilaboðum UN Women á Instastory vakið eftirtekt og hefur fylgjendum á Instagram fjölgað um þriðjung á árinu.



Sigrún Sif Jóelsdóttir, kyndilberi Ljósagöngu 2018.

sögu sína. Stuttu síðar steig hún fram til að undirstrika skilaboð herferðarinnar. Yfir tvö hundruð manns mættu og sýndu þolendum kynbundins ofbeldis samstöðu.

### Verndarar

Verndarar landsnefndar UN Women á Íslandi eru Eva María Jónsdóttir og

Unnsteinn Manuel Stefánsson og hafa þau gegnt hlutverkinu frá árinu 2016. Hlutverk verndara er m.a. að auka sýnileika UN Women, vekja almenning til vitundar um starfsemi samtakanna og aðstoða UN Women á Íslandi við að ná til fólks í samfélaginu. Verndarar taka þátt í tilteknum viðburðum fyrir hönd landsnefndar UN Women á

Íslandi, svo sem fjáröflunum, kynningum, ráðstefnum og öðrum tilfallandi viðburðum. Verndararnir tóku á fjölbreyttan hátt þátt í starfi samtakanna á árinu. Til að mynda slóst Unnsteinn Manuel í för með teymi á vegum landsnefndarinnar til Malaví í desember og Eva María var kynnr á Milljarði rís.

## Jaha frá Gambíu

„Ég var send 15 ára gömul frá Gambíu til New York til að giftast þar mun eldri manni sem ég hafði aldrei hitt. Ég held að það erfiðasta sem ung stúlka gengur í gegnum, sé að þurfa að giftast, alltof ung, eldri manni. Ég vissi þá að allt var breytt,“ segir Jaha sem hefur tileinkað lífi sínu baráttunni gegn limlestingum á kynfærum kvenna.

„Ég er þeirrar skoðunar að þegar ung stelpa eru þvinguð í hjónaband er búið að gefa karlmanninum rétt til að þess að nauðga henni daglega, þannig upplifði ég það.“

Áður en ég var send til Bandaríkjana, 15 ára gömul, komst ég að því að ég hafði verið limlest á kynfærum mínum sem barn. Í fyrstu vissi ég ekki hvað þetta þýddi fyrir mig. Ég hélt að þetta væri eðlilegur hluti af lífinu og að allar stelpur þyrftu að ganga í gegnum þessa aðgerð. En ég man enn sársaukann og örin mun ég bera á sál og líkama allt mitt líf.“

Limlesting á kynfærum kvenna fela í sér að ytri kynfæri kvenna eru fjarlægð að hluta til eða algerlega og fela í sér andlega og líkamlega áverka. Flestar stúlkur eru limlestar á

aldrinum frá fæðingu til fimmtán ára aldurs og skaðinn er óbætanlegur.

„Í mínu tilviki voru ytri kynfæri, snípur og skapabarmar, fjarlægð og saumað að mestu fyrir. Þá rann upp fyrir mér að ég gæti ekki stundað kynlíf fyrr en ég yrði skorin upp aftur. Þegar ég eignaðist dóttur mína ákvað ég að segja sögu mína. Ég vil ekki að hún þurfi að ganga í gegnum það sama og ég var látin ganga í gegnum. Ég veit líka að það eru milljónir stúlkna þarna úti, á sama aldri og dóttir mín, sem eiga sér enga málsvara. Ég verð að berjast gegn þessu ofbeldi fyrir þær.“

„Ég veit að fjölskylda mín í Gambíu líður fyrir það að ég skuli segja mína sögu. Pabbi minn hefur átt erfitt því honum er kennt um baráttu mína gegn limlestingum á kynfærum kvenna. Fólk segir að það sé vegna þess að hann hafi leyft mér að mennta mig. Ég læt það ekki stoppa mig og held ótrauð áfram, fyrir allar þær stelpur sem eiga sér ekki málsvara og halda að það sé ófrávíkjanlegur hluti af lífinu að fara undir þennan skaðlega hníf,“ segir Jaha. „Við náum ekki kynjafnrétti fyrr en konur og stúlkur ráða algjörlega yfir eigin líkama og framtíð.“



Jaha er fædd í Gambíu árið 1989 en býr í dag í Bandaríkjunum. Á árinu var hún skipuð velgjörðarsendiherra UN Women fyrir Afríku. Í dag ferðast hún um heim allan með fræðslu að vopni og segir sögu sína og vinnur þar með að því að uppræta þennan skaðlega sið.

# Kynningarstarf og fræðsla

Starfskonur landsnefndarinnar sinna fræðslu og kynningum innan fyrir-tækja, í skólum, með Rakarastofuráðstefnum og þátttöku á ráðstefnum ásamt ungmennaráði samtakanna sem veita jafningjafraðslu um verkefni UN Women og mikilvægi þess að koma á kynjajafnrétti.

## Kvennafrí

Þann 24. október gekk mikill fjöldi kvenna út frá vinnu sinni klukkan 14:55 til að mótmæla kjaramisrétti, ofbeldi og áreitni á vinnustað. Baráttufundir voru haldnir víða um land í tilefni dagsins, og fór sá fjölmennasti fram á Arnarhóli. Þar ávörpuðu Jóhanna Sigurðardóttir fyrrverandi forsætisráðherra, Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar, Claudie Wilson lögfræðingur hjá Rétti og Áslaug Thelma Einarsdóttir baráttukona, samkomuna og fluttu kvennakórarnir Vox feminae, Katla, Létt sveit Reykjavíkur og Múltíkúltí ýmis lög. Þá voru kröfur kvenna á Íslandi til stjórnvalda, atvinnurekenda, stéttarféлага og samfélagsins lesnar upp. Landsnefnd UN Women á Íslandi tók þátt í undirbúningi og samráðshópi um Kvennafrí 2018 og sátu starfskonur samtakanna í samfélagsmiðla- og dagskrárnefnd.

## Kvennanefndarfundur

### Sameinuðu þjóðanna sóttur

62. fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna fór fram í New York í byrjun mars. Fundurinn er haldinn í New York ár hvert. Að þessu sinni var sjónum beint að réttindum, stöðu og valdeflingu kvenna í dreifbýli og hvernig megi tryggja þeim aukin réttindi, atvinnutækifæri, fæðuöryggi, aðgang að ræktunarlöndum, tækni, menntun og heilsu. Stella Samúelsdóttir, framkvæmdarstýra UN Women á Íslandi, og Arna Grímsdóttir, formaður stjórnar



Landsnefndir UN Women á Fiji.

UN Women, voru báðar viðstaddir fundinn. Þá var Unnsteinn Manuel Stefánsson, annar verndari UN Women á Íslandi, þátttakandi í viðburði á vegum félagsmálaráðuneytisins sem bar yfirskriftina „Digital Gender Violence and Hate Speech“ þar sem fjallað var um notkun samfélagsmiðla og hlutverk þeirra í nútímasamfélagi. Unnsteinn tók þátt í pallborðsumræðum ásamt Maríu Rún Bjarnadóttur, doktorsnema í lögræði, Ásmundi Einari Daðasyni velferðarráðherra og Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, þingkonu Samfylkingar.

## Rakarastofuráðstefnur

Landsnefnd UN Women hefur verið samstarfsaðili íslenskra stjórnvalda við framkvæmd rakarastofuráðstefna og þróun sérstakrar HeForShe verkfærakistu sem byggir á þeirri hugmyndafræði, að virkja karlmenn og stráka til að beita sér fyrir kynjajafnrétti í sínu nærumhverfi. Markmið rakarastofuráðstefna er að auka þátttöku og vitund karla um ávinning allra af jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.

Rakarastofuráðstefnan er staður þar sem hvatt er til opinna tjáskipta um ábyrgð einstaklingsins og hvernig við getum unnið saman að því að breyta ríkjandi viðhorfum. En nafn ráðstefnunnar má rekja til þess að víða um heim ræða karlmenn gjarnan

saman á rakarastofum, líkt og tíðkast í búningaklefum og heitum pottum hér á landi. Á árinu var óskað eftir liðsinni landsnefndarinnar við að skipuleggja slíka viðburði á Alþingi í samstarfi við utanríkisráðuneytið og skrifstofu forseta Alþingis, í utanríkisráðuneytinu



„Alla mína ævi hef ég byggt sjálfmynd mína á því að vera eiginkona og móðir. Ég var ekki alin upp í þeirri trú að ég gæti verið leiðtogi. Þetta er svo sannarlega ný áskorun fyrir mig að tala máli kvenna og berjast fyrir réttindum okkar. Ég er svo þakklát UN Women fyrir að veita mér þetta sjálfstraust og trú á eigin hæfileika og getu. Það er ómetanlegt að fá verkfæri til að bæta vinnuástandur og standa vörð um öryggi og hagsmuni sölukvennanna hér á mörkuðunum.“ Susanna er ein þeirra kvenna sem hefur notið góðs af verkefni UN Women á sölumarkaði í Rakiraki á Fiji.



Unnsteinn Manúel, verndari UN Women á Íslandi og Zindaba Chisiza, fundarstjóri Rakarastofuráðstefna í Malaví.

auk þess sem framkvæmdastýra og herferða- og kynningarstýra, auk Unnsteins Manúels Stefánssonar, verndara samtakanna, tóku þátt í skipulagningu og undirbúningi tveggja slíkra ráðstefna í Malaví ásamt Sendiráði Íslands og UN Women í Malaví. Eru þetta fyrstu Rakarastofuráðstefnurnar sem haldnar eru í Afríku. Þess má geta að HeForShe verkfærakistan er aðgengileg á heforshe.org.

### Landsnefndafundur á Fíji

Starfskonur UN Women á Íslandi sóttu landsnefndafund UN Women í október. Að þessu sinni var fundurinn haldinn af áströlsku landsnefnd UN Women á Fíji þar sem svæðisskrifstofa UN Women fyrir Suður-Kyrrahafseyjar er staðsett. Auk þess að funda ásamt öðrum landsnefndum UN Women kynntu starfskonur sér mögnuð verkefni UN Women sem valdefla efnahagslega og bjarga lífum kvenna og stúlkna á Fíji og öðrum Kyrrahafseyjum. Í Suður-Kyrrahafi mælist ofbeldi gegn konum og stúlkum með því hæsta í heiminum, 68% kvenna hafa verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi á lífsleiðinni. UN Women styður við konur á Fíji, Salómonseyjum og Vanuatu í Suður-Kyrrahafi með verkefni sem nefnist *Markets 4 change*. Verkefnið miðar að því að valdefla konur efnahagslega við störf sín á sölumörkuðum. Stofnað hefur verið markaðsráð þar sem konur eru í fararbroddi, þannig er konum veitt ákvörðunarvald um vinnustaðinn, þær greina þarfir sínar og UN Women tryggir að tekið sé mið af þeim þörfum. Í kjölfarið hefur öryggi kvenna verið bætt á mörkuðum með einföldum en áhrifaríkum lausnum eins og að fjölga salernum kvenna, sölubásur er stillt þannig að konur snúi aldrei baki

í viðskiptavini markaðanna auk þess sem útbúin hafa verið örugg svefnpláss fyrir sölukonur sem koma langt að sem kemur í veg fyrir ofbeldi og þjófnað. Síðast en ekki síst veitir UN Women konum leiðtogaþjálfun og námskeið í fjármálalæsi, rekstri og stjórnun.

### Saga Film hlaut hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun jafnréttismála eru veitt árlega í samstarfi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök Atvinnulífsins og Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð. Sagafilm hlaut Hvatningarverðlaunin í ár og veitti Hilmar Sigurðsson, forstjóri fyrirtækisins, verðlauninum viðtöku. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, veitti Sagafilm verðlaunin á fundi um jafnréttismál sem fram fór í Háskóla Íslands í nóvember. Efni fundarins var vinnustaðamenning og jafnrétti á vinnumarkaði og meðal þeirra er fluttu erindi á fundinum voru Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, Ásta Jóhannsdóttir, nýdóktor, og Magnús Orri Schram, stjórnarmaður UN Women á Íslandi. Markmið Hvatningarverðlauna jafnréttismála er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa stuðlað að jafnrétti á markvissan hátt og hvatt önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

Aukið jafnrétti á atvinnumarkaði er ekki einungis lagalega og siðferðislega rétt heldur er það fyrirtækjum til heilla bæði út frá samfélagsábyrgð og viðskiptalegum forsendum. Þau fyrirtæki sem hlotið hafa heiðurinn eru Alcan Iceland Ltd. / Rio Tinto, Íslandsbanki, Orkuveita Reykjavíkur og Vodafone.

### Fræðsla um konur, frið og öryggi

Samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi kveður á um að samtökin annist fræðslu friðargæsluliða og annarra sérfræðinga sem sendir eru út fyrir landsteinana á vegum íslenska ríkisins. Fræðslan lítur að jafnréttismálum með sérstakri áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325, sem varðar konur, frið og öryggi. Framkvæmdastýra landsnefndarinnar hefur tekið að sér að fræða starfsfólk skrifstofa utanríkisráðuneytisins og fjölda útsenda sérfræðinga og friðargæsluliða um ályktunina.

### Ungmennaráðið

Ungmennaráð landsnefndar UN Women var stofnað árið 2012 og er markmið þess að styðja við og kynna starf landsnefndarinnar, afla fjár til verkefna og stuðla að vitundarvakningu og umræðu á meðal ungmenna um mikilvægi jafnréttis kynjanna og þróunarsamvinnu. Stjórn ungmennaráðsins er skipuð formanni og átta stjórnarmeðlimum. Öllum ungmönnum á aldrinum 16-30 ára, sem áhuga hafa á starfsemi UN Women, er heimilt að gerast meðlimir ráðsins. Á árinu stóð ungmennaráðið fyrir fjölda viðburða og kynninga. Haldið var vel heppnað fjáröflunarbingó, svokallað Kahoot kvöld og ræðukeppni fyrir stappfullu húsi. Ungmennaráðið hélt 37 kynningar á starfi UN Women í grunn- og framhaldsskólum landsins ásamt því að aðstoða við framkvæmd og utanhald stærstu viðburða landsnefndarinnar, Milljarðs rís og Ljósagöngu.



Stjórn ungmennaráðs UN Women á Íslandi 2018-2019.

# Á vettvangi í Tyrklandi



UN Women er leiðandi í baráttu fyrir kynjajafnrétti og bættri stöðu kvenna. Fjöldi Íslendinga hefur lagt baráttunni lið og starfað á vettvangi fyrir UN Women. Íris Björg Kristinsdóttir, sérfræðingur á sviði mannréttinda er ein þeirra og starfar hjá UN Women í Tyrklandi. Stærsti hluti verkefna Írisar snýr að því að bæta líf sýrlenskra flóttakvenna.

Stríðið í Sýrlandi hefur valdið umfangsmesta flóttamannastraumi sögunnar og áætlað er að í Tyrklandi búi um 3,5 milljónir sýrlensks flóttafólks, þar af eru 70% konur og börn. Konur sem verða undir í stríði og átökum eiga í mestri hættu á að þurfa að þola ofbeldi, búa við slæm lífsgæði og geta ekki séð fyrir sér og sínum í nýju landi.

Samkvæmt úttekt á stöðu flóttakvenna í Tyrklandi, sem gerð var að frumkvæði Írisar, kom í ljós að meirihluti þeirra lifir langt undir fátæktarmörkum, jafnvel við hungursneyð og eru einangraðar frá samfélaginu. Þær komast ekki inn á vinnumarkaðinn ýmist vegna fjölskylduáðstæðna, tungumálaörðugleika eða menntunarskorts. Aðeins 15% þeirra hafa tekjur og 70% viðmælenda tala enga tyrknesku og geta því ekki notið réttinda sinna og þjónustu þar í landi. Þá kom fram að aðeins 23% kvenna á aldrinum 15-17 ganga í skóla því margar þeirra hafa verið þvingaðar í hjónaband á barnsaldri og neyðast til að sinna heimili og fjölskyldu.

Margt hefur þegar áunnist í málefnum

sýrlenskra flóttakvenna í Tyrklandi frá því að UN Women hóf störf árið 2016 í Tyrklandi. En Íris og samstarfsfélagar hennar settu á stofn neyðarathvarf fyrir konur á flótta árið 2017 þar sem konur fá starfsmenntun og félagslega aðstoð. Síðan þá hafa hátt í 2500 konur og stúlkur hlotið þar aðstoð. Að minnsta kosti 770 konur hafa hlotið menntun fyrir tilstilli UN Women sem gerir þeim kleift að sjá fyrir sér og fjölskyldum sínum í nýju landi.

Við hjá UN Women höldum áfram að berjast fyrir bættum lífsgæðum flóttakvenna. Við tryggjum þeim aðgang að þeim atvinnutækifærum, réttindum og þjónustu sem þær eiga rétt á samkvæmt alþjóðasamningum og landslögum. Þess má geta að Íris Björg og samstarfsfólk hennar hjá UN Women undirbúa nú opnun á sex öðrum neyðarathvörfum fyrir sýrlenskar konur á flótta í Tyrklandi.



Menal Suleyman er þriggja barna móðir frá Sýrlandi og ein þeirra kvenna sem notið hafa góðs af kvennaathverfinu.

„Eftir að stríðið braust út vissi ég að það kæmi að þeim tímapunkti að ég þyrfti að leita skjóls annars staðar. Eiginmaður minn var myrtur og heimabær minn, Latakia, logaði í átökum. Þá ákvað ég að flýja með börnin mín þrjú. Ég hélt til Tyrklands í þeirri von að komast á bát áfram til Grikklands og þaðan til Frakklands.“ Eftir lífshættulegan flótta gekk Menal fyrir tilviljun fram á kvennaathvarf á vegum UN Women í

borginni Gaziantep í Tyrklandi. Þar hljóta konur á flótta hagnýtt nám og aðstoð við að komast á vinnumarkað í Tyrklandi. Nú stundar Menal nám í sjúkraskráningu og lærir tyrknesku. Á meðan dvelur yngsti sonur hennar í barnagæslu athvarfsins.

„Einn daginn labbaði ég framhjá Sada athvarfinu og kíkti inn. Þetta var besta ákvörðun sem ég hef tekið í mörg ár. Fólkið hér er mér sem fjölskylda. Hér upplifi ég mig fullkomlega örugga. Í Sýrlandi hefði ég ekki fengið tækifæri til að mennta mig. Það sem meira er, börnin mín eru stolt af mér,“ segir Menal.

# Samstarf landsnefndar við utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UN Women á Íslandi og utanríkisráðuneytið (UTN) eiga í góðu samstarfi. Samstarfið gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja þverlægra málefna í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að styðja við jafnrétti kynjanna almennt og efla jafnréttisumræðu tengda umhverfismálum. UN Women, stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna er ein af fjórum áherslustofnunum UTN í fjölbjóðlegu starfi. Farsælt samstarf er mikilvægt og eykur upplýsingaflæði milli utanríkisráðuneytisins, starfsfólks landsnefndarinnar, höfuðstöðva UN Women í New York og fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Samstarfssamningur UTN og landsnefndarinnar felur í sér fjárframlag ráðuneytisins til UN Women á Íslandi sem gerir landsnefndinni kleift að vekja almenning á Íslandi til vitundar um málefni kvenna, kynjajafnrétti og verkefni UN Women um allan heim. Landsnefndin veitir ráðuneytinu umsagnir og ráðgjöf vegna mála tengdum vald-

eflingu kvenna og kynjajafnrétti á alþjóðavettvangi auk þess sem framkvæmdastýra landsnefndarinnar sinnir fræðslu um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi fyrir friðargæsluliða og aðra útsenda sérfræðinga á vegum íslenska ríkisins. Landsnefndin leiðir einnig vitundarvakningu um alþjóðlega hreyfingu UN Women, HeForShe sem hvetur sérstaklega karlmenn og stráka til að beita sér fyrir kynjajafnrétti og hefur komið að undirbúningi Rakarastofuráðstefna og skipulagt umræðustjórnun í vinnustofum slíkra ráðstefna.

Á árinu 2018 námu samanlögð framlög utanríkisráðuneytisins til UN Women 271.8 milljónum króna. Veitt var kjarnaframlag til UN Women sem nam 129.9 milljónum króna en slíkt framlag er gríðarlega mikilvægt UN Women þar sem stofnunin er ung og í örur vexti. Framlagið tryggir stofnuninni svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á átaka- og hamfarasvæðum

þar sem þörfin er mest og bregðast þarf skjótt við. Framlag til landsnefndar UN Women á Íslandi nam 14 milljónum króna sem gerir landsnefndinni kleift að sinna sínu jafnréttisstarfi, styrkja það og efla enn frekar. Líkt og áður voru veitt framlög til ákveðinna verkefna UN Women. Um 31.5 milljón króna framlag var veitt til verkefna UN Women í Afganistan og Palestínu. Veitt var 75.4 milljón króna framlagi til 1325 verkefnis UN Women í Mósambík sem tryggir að sjónum sé beint að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna í ferlum og áætlunum sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn í mósambísku samfélagi.

Landsnefnd UN Women á Íslandi er afar þakklát því ómetanlega samstarfi sem hún á við utanríkisráðuneytið. Kynjajafnrétti og barátta fyrir bættum hagkvenna um allan heim er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og er landsnefndin stolt að styðja við þá vinnu í gegnum þetta öflugra samstarf.



# Fjármál



Tekjur á árinu 2018 námu rúmlega 190 m.kr. Framlög mánaðarlegra styrktaraðila voru eins og undanfarin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og námu um 115,8 m.kr. og jukust verulega eða um 22,3% frá árinu 2017. Rekstrar- tekjur og aðrir styrkir námu 33,8 m.kr. þar af voru um 21,8 m.kr. tekjur vegna sölubætur sem er aukning um 40% milli ára.

Framlag landsnefndarinnar til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2018 nam rúmlega 107 m.kr. og jókst um tæpar 13 m.kr. frá fyrra ári. Framlög- in gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning og bregðast við neyð á borð við náttúruhamfarir eða farsóttir. Líkt og undanfarin ár styrkti landsnefndin Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum sem og griðastaði Róhingjakvænna á flótta frá Mjanmar sem dvelja í Balukhali flóttamannabúðunum í Bangladess.

Gildandi samstarfssamningur landsnefndarinnar og utanríkisráðuneytisins hefur í för með sér samstarf á ýmsum sviðum, m.a. hefur landsnefndin umsjón með fræðslu friðargæsluliða sem eru sendir í verkefni á vegum ráðuneytisins og vitundarvakningu um alþjóðlega HeForShe hreyfingu UN Women. Tekjur landsnefndar af samningnum voru 13 m.kr. sem einkum eru ætlaðar til kynningarmála. Á árinu 2018 veitti utanríkisráðuneytið einnig styrk til landsnefndarinnar að upphæð 1 m.kr. til að útbúa fræðsluefni um Malaví. Aðrir rekstrarstyrkir til landsnefndarinnar námu rúmlega 26 m.kr. og greiddu félagsmenn þar af tæplega 1 m.kr. í félagsgjöld.

Fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila gegndi að vanda veigamiklum þætti í fjáröflun samtakanna á árinu 2018 enda er það framlag þeirra sem gerir lands-

nefndinni kleift að tryggja framlög til verkefna UN Women víða um heim og þar sem neyðin er hvað mest. Kostnaður við fjáröflun, kynningarstarf og annan rekstur nam um 82.3 m.kr. og endurspeglar aukin umsvif félagsins, herferðar- og birtingarkostnað og fjölgun starfsskvænna í kjölfar stækkunar skrifstofu. Metfjöldi mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna skráðu sig í kjölfar samtals við götukynna UN Women Metfjöldi mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna skráðu sig í kjölfar samtals við götukynna UN Women á Íslandi á árinu, eða tæplega tólf hundruð manns eða tæplega 1.200 skráningar.

Höfuðstöðvar UN Women studdu við vöxt landsnefndarinnar með rúmlega 10 m.kr. fjárframlagi ásamt því að heimila henni tímabundið að halda eftir hærra hlutfalli af framlögum til að fjárfesta enn frekar í fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila og tryggja þannig viðvarandi hækkun á framlagi til alþjóðlegra verkefna UN Women. Frá og með árinu 2019 verður framtíðarframlag landsnefndar til verkefna 75% af söfnunartekjum en á árinu 2018 sendi landsnefndin 72% af söfnunartekjum og var framlagið rúmlega 107 m.kr. sem er í kringum 14% aukning á milli ára.

## Helstu tekjur og gjöld

### TEKJUR

Söfnunarfé Systralagsins .....	115.785.940
Félagsgjöld .....	995.000
Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið .....	13.000.000
Styrkir til reksturs .....	39.544.057
Aðrar rekstrarstekjur og styrkir .....	33.805.244

**SAMTALS .....** **190.130.241**

### ÚTGJÖLD

Kostnaður vegna fjáröflunar .....	35.763.524
Kostnaður vegna fræðslu og kynningarstarfs .....	17.871.745
Annar rekstrarkostnaður .....	28.736.512

**SAMTALS .....** **82.371.781**

### Framlög til verkefna UN Women

Griðastaðir Róhingjakvænna .....	13.000.000
Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum .....	32.878.506
Framlag í kjarnasjóð UN Women .....	61.165.052
Heildarframlag til verkefna UN Women .....	107.043.558

# Overview

## Fundraising

### Monthly donations

To fulfill its mission of increasing gender equality and empowering women, UN Women relies solely on voluntary contributions from the public in the form of monthly donations and grants from the private sector. The number of monthly donors, the heart of the NCI, continues to be the organization's main fundraising source and has increased steadily since 2009. The NCI maintained its committed support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women along with Core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes. The NCI also supported UN Women works towards empowering Rohingya women and girls through life-skills training and supportive services. The services are being provided through UN Women's Multi-Purpose Women's Centres in Balukhali Refugee Camp in Bangladesh. By the end of 2018 the number of monthly donors was over 7.300 and 63 percent of new donors were women and 37 percent were men. Loyal monthly givers continue to enable the NCI to send the highest total contribution of all National Committees, not per capita, to projects supported by UN Women all over the world.

### New monthly donors

Face to face is an informative public dialogue about gender equality by a group of motivated young part-timers. Roughly two thousand people signed up as monthly donors during the year. The most effective strategy for expanding the number of monthly donors proved to be face to face fundraising with close to 60% of the year's signups occurring through the chan-

nel, or a record number. Outbound telemarketing also continued to be a strong channel to reach potential donors as well as to have conversations with current donors about their donations.

### Empowering women

Over 5.000 USD were raised by runners for the NCI at the annual Reykjavík Marathon. We are grateful to the group of runners who ran in support of UN Women. All the money raised went directly to improve the dire living conditions of female Rohingya refugees in the Balukhali refugee camp in Bangladesh. UN Women operates safe spaces located within the camp where Rohingya women receive psychological support, dignity kits and protection. The NCI also set up a text-to-donate campaign in support of Rohingya women living in the Balukhali camp.

All proceeds from the sale of this year's empwr sweater went directly to Rohingya women. The project is done in cooperation with iglo+indi, an Icelandic children's clothing brand which designed and manufactured the sweater. This is the second consecutive year the NCI teams up with iglo+indi to create an empwr sweater.

### Gift Certificates

The NCI's gift certificates make great presents for those who prefer to give symbolic gifts that continue to give. The NCI has also received bigger donations from trusted benefactors who on important occasions such as baptisms and major anniversaries have requested that friends and family to donate to the NCI rather than giving them conventional presents.

## Awareness Raising

### One Billion Rising

The NCI celebrated One Billion Rising for the sixth time and a large number of people rose up all around the country and danced against gender-based violence. The largest event took place in Harpa Concert Hall in Reykjavík in cooperation with the Sónar Music Festival but smaller events were also planned in Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður, Rífi Snæfellsnesi, Hvammstanga, Reykjanesbær, Höfn, and Neskaupstaður.

### Candle Light March

The NCI held its annual Candle Light March on November 25th, in celebration of International Day for the Elimination of Violence against Women. On this day, UN Women raises awareness of the fact that women around the globe continue to be subjected to rape, domestic violence, and other forms of violence. Women in Iceland rallied under the slogan #hearmetoo in honor of women who have not been able to rise up and share their stories of violence and suppression. The march was led by Sigrún Sif Jöelsdóttir, a domestic abuse survivor who bravely lent her story to the NCI's campaign 'Gender-based violence is closer than you think'. Around 200 people joined the march.

### Workplace and School Visits

Members of the NCI's Youth Council and NCI staff members visited numerous schools and workplaces to promote the work and projects of UN Women. The enthusiastic and devoted Youth Council visited many schools throughout the year to raise awareness about UN Women and the NCI. This was also done through various events that the

Youth Council organized at universities and other venues.

### **Conference on Equal Rights Affairs**

The film and television production company Sagafilm received the Award for Gender Equality in the Workplace in 2018. The award is an annual event promoted by the NCI in collaboration with the University of Iceland, Festa – the Icelandic Center for Corporate Social Responsibility, SA – Business Iceland, and the Ministry of Tourism, Industry and Innovation. The prize was awarded to Sagafilm CEO by Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, Minister of Tourism, Industry and Innovation, during a collaborative conference on gender equality and equal opportunities in the labor market. The award is to encourage Icelandic companies to strive toward gender diversity in all aspects of their businesses. Among this year's speakers were Jón Atli Benediktsson, rector of the University of Iceland, Dr. Ásta Jóhannsdóttir, and Magnús Orri Schram, a member of the NCI's board.

### **Barbershop events in Malawi**

The NCI has enjoyed a successful partnership with the Ministry for Foreign Affairs that allows the NCI to continue to raise public awareness on gender-based issues and UN Women projects around the globe. The NCI also serves as an adviser for the ministry on matters such as female empowerment and gender equality. What more, the NCI's executive director keeps the ministry and its employees up to date on events relating to the UNSCR 1325 on women, peace and security as well as providing important information on this landmark agenda.

The NCI also leads the HeForShe solidarity campaign, initiated by UN



Women, in Iceland. The campaign's goal is to advance gender equality by encouraging all genders to act against negative stereotypes and behaviours. The NCI has implemented Barbershop events in cooperation with the Ministry for Foreign Affairs and partaken in the development of the Barbershop toolbox. These events are meant to provide men with tools to address gender inequality and to become active agents of change by promoting gender equality and by holding other men accountable. In 2018, the NCI organized and managed a Barbershop event at the national parliament in Iceland and at the MFA in cooperation with the Ministry for Foreign Affairs, as well as two Barbershop events in Malawi. These were the very first Barbershop events to take place in Africa and were attended and managed by the NCI's executive director, communication and campaign manager, and one of the committees two champions, musician Unnsteinn Manúel Stefánsson.

### **Advocacy**

#### **Government support**

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs have an ongoing recognition

agreement. According to the agreement, the MFA contributed approx. \$107,000 USD to the NCI in 2018. The NCI, in return, works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325, regarding women, peace and security and other related resolutions as well as all awareness raising for the HeForShe Movement and Barbershop events.

UN Women continues to receive support from the Icelandic Government and is one of four core groups receiving funding from the Ministry of Foreign Affairs. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with approx. \$2.2 million USD. The financial support includes a core contribution to UN Women as well as other smaller contributions to other UN Women's initiatives in Afghanistan, Palestine, Mozambique, and Jordan.



Stjórn UN Women á Íslandi.

Frá vinstri Ólafur Stefánsson, Arna Grímsdóttir, Soffía Sigurgeirsdóttir, Fanney Karlsdóttir, Bergur Ebby Benediktsson, Kristín Ögmundsdóttir og Örn Úlfar Sævarsson. Á myndina vantar Magnús Orra Schram og Þóreyju Vilhjálmsdóttur. Stjórnin starfar í sjálfboðavinnu og kann landsnefnd UN Women á Íslandi þeim kærar þakkir fyrir.

## Við erum UN Women árið 2018-2019

### Formaður

Arna Grímsdóttir

### Varaformaður

Fanney Karlsdóttir

### Gjaldkeri

Kristín Ögmundsdóttir

### Stjórnarmeðlimir

Bergur Ebby Benediktsson

Magnús Orra Schram

Ólafur Stefánsson

Soffía Sigurgeirsdóttir

Örn Úlfar Sævarsson

Þórey Vilhjálmsdóttir

Aðalfundur landsnefndar UN Women á Íslandi var haldinn 25. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176 og tók þá ofantalin stjórn til starfa.

Tveir nýir stjórnarmeðlimir tóku sæti í stjórn, Bergur Ebby Benediktsson og Ólafur Stefánsson. Elin Hrefna Ólafsdóttir, lögfræðingur og Karen Áslaug Vignisdóttir, hagfræðingur gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu og er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

### Starfskonur landsnefndar UN Women á Íslandi 2018:

Framkvæmdastýra, Stella Samúelsdóttir

Fjáröflunarstýra, Snædís Baldursdóttir

Herferða- og kynningarstýra, Marta Goðadóttir

Herferðastýra, Brynja Huld Óskarsdóttir (lét af störfum í júní)

Rekstrarstýra, Elsa Kristjánsdóttir

Sérfræðingur á samfélagsmiðlum, Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir

# Þakkir

Alvogen  
Anna Steinsen  
Baldur Már Arngrímsson  
DJ Margeir  
Eliza Reid  
Eva María Jónsdóttir  
Hörður Ásbjörnsson  
Gallup  
Guðni Th. Jóhannesson  
Landsbankinn  
Lilja Dóra Kolbeinsdóttir  
Marathonhlauparar  
Oddi  
Pipar  
Reitir fasteignafélag hf.  
Reykjavík Letterpress.  
RÚV  
Saga Sig.  
Sena  
Sigrún Sif Jóelsdóttir  
Sjálfbóðaliðar  
Sónar Reykjavík  
Starfsfólk Hörpu  
Ungmennaráð UN Women  
Unnsteinn Manúel Stefánsson  
Útimiðlar hf.  
Vodafone  
Þátttakendur í herferðum

